

Ágætu fundarmenn

Það er okkur mikil eftirsjá að komast ekki til Patreksfjarðar og deila með ykkur reynslugögnum úr þorskeldi. Vonandi tekst betur til næst.

Á nýliðinni þorskeldisráðstefnu var gefið yfirlit um helstu sjúkdóma í íslensku þorskeldi sjá: thorskeldi.is, Fréttir: 24-9-05: Conference: Summary from cod conference in Reykjavík, 6-8. sept. 2005, Presentations: *Cod diseases; what do we know and what do we need to know ?*

Þar kom fram að bakteríusýkingar, þ.e. kýlaveikibróðir og svokölluð víbríuveiki, hafa ásamt með sníkjudýrasýkingunni “læmi” (*Loma* tegund), valdið mestum afföllum í þorski eftir að frumeldi er lokið (sjá meðfylgjandi myndir af einkennum).

Um fleiri kvilla í þorski skal vísað til greinar: *Sjúkdómar í eldisþorski* er birtist í Fjölríti nr. 111 frá Hafrannsóknarstofnuninni, Þorskeldi á Íslandi, 2004.

Ennfremur skal bent á samantekt í: Þorskeldiskvóti: Handbók um skýrslugerð aðila sem fá úthlutað aflaheimildum til áframeldis á þorski. Leiðbeiningar 7: Ytri sníkjudýr og sjúkdómabreytingar á þorski; 2004, önnur útgáfa.

Í framangreindum leiðbeiningum í **Handbók** er því lýst hvaða sjúkdómsbreytinga og sníkjudýra skuli leitað og hvernig beri að skrá og / eða taka sýni til rannsóknar.

Á þessu hefur orðið mikill misbrestur og þegar litið er til baka fer ekki hjá því að rannsóknarmenn efast um raunsæi slíkra óska. Þetta þarf að taka til endurskoðunar og væri gott að heyra frá eldismönnum hvað þeim finnst sjálfum.

Þess hefur orðið vart að eldismenn bregði ekki nógu snögg við aðsteðjandi vanda, svo sem aukningu í afföllum, telji sig jafnvel hafa grun um hvað valdi og kjósi að bíða og sjá hvort ástandið batni. Þegar sýni loks berast til rannsóknar er etv orðið um seinan að lágmarka tjón ef t.d. um bakteríusýkingu er að ræða. Sýkin er þá komin í stóran hluta hjarðarinnar og sjúkir fiskar dauðans matur vegna lystarleysis.

Einnig hefur þess gætt að menn álykta að sjúkdómur á einum stað A hljóti að vera sams konar og á öðrum stað B af því að fiskar B komi frá A. Berlega hefur komið í ljós að svo er alls ekki alltaf raunin; slíkar ályktanir eldismanna tefja rétta greiningu og viðbrögð.

Enn skal hert á tilmælum um nákvæma athugun og skráningu á litarbreytingu sjávar af völdum þörunga. Jafnframt að taka umsvifalaust sýni til þörungarannsóknar.

Dæmi eru um afföll sem menn hafa talið, eftir á að hyggja, stafa af þörungablóma. Þegar fiskar komu um síðir til rannsóknar þá greindist hins vegar t.d. kýlaveikibróðir í fiskinum. Vel er hugsanlegt að þörungablómi hafi beinlínis verið rót vandans í byrjun og það álag svo komið bakteríusýkinginni af stað sem hefur enn aukið á vandann. Ef sú var raunin er

eðlilega dregin röng ályktun um upphaf vandans vegna skorts á rannsóknargögnum (sjósýni).

Einnig þarf að fylgjast með marglyttum.

Ekki tekst rannsóknarmönnum alltaf að finna augljósar orsakir affalla. Endurteknar sýnatökur og rannsóknir eru þá jafnan nauðsynlegar, sem og gott samband við eldismenn sem iðulega gefa glöggar upplýsingar. Slík samvinna getur um síðir leitt hið sanna í ljós um eðli og orsakir áður óútskýrðra kvilla.

Meginatriðið í heilsueftirliti í þorskeldi er að fá sem gleggsta mynd af eðli, tíðni og útbreiðslu einstakra kvilla og **hverjir þeirra valda mestum skaða**. Þetta verður að gera samhliða uppbyggingu þorskeldis.

Með bestu kveðjum á fundinn

Árni Kristmundsson og Sigurður Helgason
Rannsóknadeild fisksjúkdóma, Keldum